ÖREIGAR ALLRA L SAMEINIZT!
LIFI MARXISMINN-LENÍNISM UGSUN MAÓS TSE TUNGS!
Stéttabaráttan
VERKFALLSBLAÐ
Útg. Kommúnistasamtökin marxistar-leninistar 5. tbl. 5. árg. 27. febrúar 1976

Áskriftasíminn er
27810

Hafið samband við ritstjórnina í síma 27810 og 27115

Ritstj. og ábm. Hjálmtýr Heiðdal

Sjómenn hafna kjaraskerðingu

Hvorki samninganefnd sjómanna né atvinnurekendur geta blekkt sjómenn. Endurskoðun sjóðakerfisins sviptir hulunni af því hvernig sjómenn eru hlunnfarnir, en sjómenn láta ekki bjóða sér hvað sem er.

Í gær 25. feb. leit allt út fyrir að yfirstandandi kjarasamningar yrðu lagðir fyrir félagsfundi fyrir helgi, en nú virðast málin vera að taka aðra stefnu. Óánægja sjómanna með yfirstandandi samningagerð hefur leitt til þess að starfandi sjómenn hafa lýst yfir vantrausti á samningamenn sína. Þeir boðuðu því til fundar í Sjómannaskólanum í gær til að ræða stöðuna og hvað gera skyldi. Fundarboðendur sem eru samstarfsnefnd sjómanna og eru allir starfandi sjómenn. Þessar sjálfstæðu aðgerðir sjómanna mæltust strax illa fyrir af broddunum í sjómannafélögunum og Ingólfur Stefánsson reyndi að koma í veg fyrir að fundurinn yrði haldinn í Sjómannaskólanum. Honum tókst það en það dugði ekki til. Fundurinn fékk inni í átthagasal Hótel Sögu og þrátt fyrir að svona skyndilega hafi þurft að flytja fundinn var salurinn þétt skipaður, eða um 400 manns. Á þessum fundi kom það fram að sjómenn hafa séð í gegnum þá kjaraskerðingarsamninga sem verið er að gera og þeir eru staðráðnir í að láta á engann hátt hlunnfara sig. Það sem málið snýst fyrst og fremst um er að það er verið að gera sjóðakerfið upp, sem þýðir að 4 milljarðir ættu að koma til skipta, en málið er ekki svona einfalt og það hafa sjómenn fengið að reyna. Áður héldu stórútgerðarmennirnir í LÍÚ launum sjómanna í algjöru lágmarki með aðstoð sjóðakerfisins, en nú átti að gera það með aðstoð skiptaprósentu. Eins og við mátti búast hefur verkalýðsaðallinn sem á að gæta hagsmuna þeirra tekið höndum saman við stórútgerðarmenn og reynt að blekkja sjómenn með kjaraskerðingarsamningum. Fundurinn á Hótel Sögu sýndi að sjómenn ætla hvorki að láta hótanir né blekkingar hrinda sér frá baráttu fyrir lífvænlegum launum. Það er alveg ljóst að aðrir láglaunahópar eins og Dagsbrúnar- og Iðjuverkamenn verða að fara sömu leið og sjómennirnir, leið baráttunnar. Það verður að hafna undanslætti og makki forystunnar og það verður að hafna öllum kjaraskerðingum. Það eru verkamenn sem skapa allan þjóðarauðinn. Það er því hann sem á að koma til skipta en ekki einhver upplogin lúsarleg launakaka, eins og auðherrarnir halda fram og verkalýðsforystan tekur undir. Það er arðurinn af vinnu okkar sem auðherrarnir eru alltaf að reyna að ná meira af og á meðan auðvaldsþjóðfélagið er við lýði verður þessi barátta fastur liður.

Sjómenn sigldu flotanum í höfn síðastliðið haust og kröfðust þess að sjóðakerfið yrði tekið til endurskoðunar. Þá var stofnuð samstarfsnefnd sjómanna. Nefndin átti að skipuleggja aðgerðir og það hefur hún gert. Þegar samstarfsnefndin krafðist endurskoðunar sjóðakerfisins ætlaðist hún til að fiskverð myndi stórhækka og laun sjómanna aukast að sama skapi. Fljótlega kom í ljós að endurskoðun sjóðakerfisins leiddi til þess að 4000 milljónir sem teknar voru af fiskverði átt nú að renna til stórútgerðarinnar (þeirra sem eiga báta og frystihús) í nýju formi. Í stað þess að auðherrarnir tækju þúsundir milljóna frá sjómönnum í gegnum sjóðina á að taka þessar 4000 milljónir með því að lækka skiptaprósentuna. Þannig eiga sjómenn að fá hærra fiskverð en minni hluta af aflaverðmæti. Samninganefnd sjómanna viðurkennir þetta sem eðlilegt og hrósar sér af að hún hafi fengið því framgengt að aflahluturinn minnki ekki meira en svo. að sjómenn fái raunverulega 10% kauphækkun. Það er auðvitað lygi, því að verðlag hefur hækkað um 47,3% skv. hagskýrslum seðlabankans síðustu 12 mánuði. Samstarfsnefnd sjómanna hafði krafist endurskoðunar sjóðakerfisins til að fá fram hærra fiskverð, sem sjómenn og útgerðarmenn nytu góðs af. Samstarfsnefndin gerir sér ljóst að samninganefndin gætir hagsmuna einokunarhringanna, þ. e. þeirra sem hafa allt á einni hendi. Þeirra sem kaupa fiskinn af sjálfum sér og fullvinna hann. Þessir aðilar voru til í að endurskoða sjóðakerfið. Þeir vildu kaupa fiskinn af sjálfum sér fyrir 4000 milljónum meira. En til að geta það máttu sjómenn auðvitað ekki fá sömu skiptaprósentu og áður því á hefðu þeir fengið hluta af 4000 milljónunum.



FRÁ FJÖLMENNUM FUNDI SJÓMANNA Á HÓTEL SÖGU ÞANN 25. FEBRÚAR

Samstarfsnefnd sjómanna boðaði til þessa fundar til að ræða stofnun nýrra sjómannasamtaka og einnig vegna hinnar megnu óánægju sjómanna með að samninganefnd sjómanna er að semja um stórkostlega skerðingu á skiptaprósentu. Á fundinum ríkti mikill samhugur og baráttuandi. Fundurinn krefst þess að Verðlagsráð sjávarútvegsins gangi nú þegar frá bolfisksverði og hafnar allri skerðingu á þeirri skiptaprósentu, sem í gildi er. Fundurinn skorar samninganefndina að ganga frá samningunum þannig að hægt sé að leggja þá fyrir félagsfundi. Sjómenn geti þá fellt þessa kjarasamninga og kosið sér samninganefnd, sem gætir hagsmuna sjómanna í hvívetna. Fundurinn taldi ekki tíma bært að stofna nýtt sjómannasamband, en skorar á sjómenna að mæta á fundina í félögunum og kjósa sér nýja fulltrúa úr röðum starfandi sjómanna sem eru færir um að gæta hagsmuna okkar. -Sjómenn látum ekki semja af okku skipta prósentuna. Enga róðra fyrr en fiskverð hefur verið ákveðið.

Af verkfallsvaktinni

Ef við lítum á ástandið eins og það er á verkfallsvöktunum í dag , komumst við að því að þar ríkir svo til algert stjórnleysi. Sú afstaða sem Dagsbrúnarmönnum er boðinn upp á er ömurleg, það eru þrjár litlar skonsur, og ein þeirra eingöngu fyrir verkfallsnefndina sem sér um að veita undanþágur. Þessi kompa er lokuð og fær engin óviðkomandi að fara þar inn. Þar hefur Kristvin og co. , hreiðrað um sig og geta veitt undanþágur eins og þeim lystir án þess að við séum hafðir með í ráðum. Þeir menn sem stjórna þessu eru stéttasamvinnuprédikarar, sem vilja lítið gera til að styggja ekki atvinnurekendur og ríkisvald. Þeir tala fjálglegum orðum ef við beitum okkur eitthvað í baráttunni , að þá snúist almenningsálitið gegn okkur. Hvaða almenningsálit eru þessir háu herrar að tala um? Um verkakonuna eða -karlinn sem standa saman í baráttunni fyrir lífvænlegum launum eða eru það kannski atvinnurekendur sem er þetta almenningálit.

Þær hugmyndir sem ég geri mér um það eru á afar stuttu máli þessar: Allir hlutir séu skipulagðir út í ystuæsar. Kosnir verði menn til að stjórna vöktunum á fundi sem haldinn er í Dagsbrún fyrir verkfall. Það verði minnst 8-10 bílar á vakt sem yrðu skipulagðar niður í ákveðin hverfi sem þeir ættu síðan að sjá algerlega um. Það gæti t.d. verið tvöföld áhöfn á hverjum bíl sem gætu síðan skipst á á 2ja til 3ja tíma fresti. Bílarnir verði útbúnir talstöðvum þannig að þeir geti haft beint samband við hina bílana sem eru á ferli ef eitthvað kemur upp. G/H

Styrkið blaðið

Þetta er 4ja tbl. Stéttabaráttunnar í þessu verkfalli. Henni hefur að mestu verið dreift ókeypis á verkfallsvaktir o.v. Þetta kostar auðvitað töluvert fé. Við skorum á stuðningsmenn blaðsins að styrkja það fjárhagslega. Sendið styrktarframlög til þess - inn á gíró 27810.

Tilkynnið verkfallsbrot!

Stéttabaráttan hvetur alla til að vera vel á verði gagnvart brotum á verkfallinu, sem nú stendur yfir. Án mikillar liðveislu og almennrar þátttöku er ekki hægt að vinna þetta verkfall. Tilkynnið brot til viðkomandi verkfallsvakta. Símanúmer þeirra helstu fara hér á eftir:

Dagsbrún: 25609,
Iðja: 12537,
Framsókn: 26930,
Trésm. fél. Rvík: 27600,
Bifvélavirkjar: 23506,
Járniðnaðarmenn: 18044,
Verslunarm. fél. Rvík: 26344.

Lærdómarnir af verkfallinu

Ævinlega þegar gripið er til verkfallsbaráttu, verður verkafólk að vega það og meta. hvaða tími sé hentugastur til baráttunnar, hvort fámennir hópar geti háð baráttuna með sama árangri og fjölmennir og fleira slíkt. En hvernig hefur ASÍ-forystan framkvæmt verkfallið? Hún gerir vísvitandi margar villur. Í fyrsta lagi sest hún að samningaborðum með VSÍ og ríkissáttasemjara, án þess að hafa aflað sér umboðs frá félögunum og án þess að setja fram neinar launakröfur. Í öðru lagi dregur hún samningaviðræðurnar það mikið á langinn, að tíminn verður hentugur fyrir atvinnurekendur. Þeir geta undirbúið sig rækilega og keyrt framleiðsluna niður áður en verkfallið skellur á, því þeir eru í stöðugu sambandi við ASÍ-forystuna. Í þriðja lagi boðar ASÍ-forystan til allsherjarverkfalls, án þess að huga að því, hvort hentugt sé, að t.d. iðnaðarmenn og aðrir betur launaðir hópar hafi samflot. Allar þessar villur hafa torveldað baráttuna og munu leiða til ósigurs í verkfallinu, ef ekkert er að gert. Hins vegar hafa þær auðveldað atvinnurekendum baráttuna gegn verkfallinu. Að hefja samninga blint, og án þess að hafa áður kynnt sér kröfur félagsmanna verkalýðshreyfingarinnar, er algerlega ófyrirgefanlegt. Það leiðir til þess ástands, sem nú er komið, að kaupkröfur hafa alls ekkert verið ræddar og látnar mæta afgangi, þó þær séu raunverulega aðalatriðið í kjarabaráttu verkalýðsins. Þá hefur forystan heldur ekkert minnst á vísitölubindingu launa, en hún myndi þýða kjarabót ekki bara til skamms tíma heldur um langa framtíð. Hið langa samningaþóf hefur orðið til þess, að atvinnurekendur hafa getað miðað framleiðslu sína við að til verkfalls kynni að koma. Þetta veikir stöðu verkafólks og ekki bætir úr, að forysta V.R. hefur neitað að gefa undanþágu til kaupgreiðslna til félagsmanna. Samflotið við iðnaðarmenn hefur sýnt sig vera til baga fyrir láglaunafélögin og setja verður stórt spurningamerki við réttmæti heildarverkfalls eins og það er framkvæmt nú. Ef félögin færu í verkfall hvert í sínu lagi, eða láglaunafélögin saman, myndu þau geta betur barist fyrir sérkröfum sínum og náð fram betri kjarabótum. Samstarf félagana getur komið fram í ýmsu öðru en allsherjarverkfalli, t.d. samhjálp við verkfallsvörslu ofl. Þessa lærdóma verður að draga af yfirstandandi verkfallsbaráttu og hafa þá í huga þegar haldið verður til baráttu næst. Spurningin er hvort ekki sé rétt að láglaunafélögin felli samningana og haldi baráttunni áfram ein, eftir að iðnaðarmenn hafa samið.

Í yfirstandandi verkfallsbaráttu hefur í mörgum atriðum komið fram skipulagsleysi og vanmáttur forystunnar. Hún hefur engin tengsl haft við verkfallsvaktirnar, hún hefur gert mistök og framið svik við hagsmuni fjöldans æ ofan í æ. Það er nauðsynlegt fyrir verkafólk, að hagnýta sér reynsluna frá verkfallsbaráttu stéttarinnar fyrr á árum. Þessi reynsla hefur verið dregin saman í ályktanir, sem samband rauðra fagfélaga gaf út árið 1929. Þessi bæklingur, sem ber nafnið Reynslan af kjarabaráttunni, hefur verið gefinn út á íslensku af KSML. Í honum er skýrt frá reynslu af verkfallsbaráttu, skýrð út orsökin fyrir svikum forystunnar, settar fram hagnýtar ráðleggingar fyrir verkfallsverði og skipulagningu verkfallsbaráttunnar. Sérhver verkamaður í verkfalli ætti að kynna sér Reynsluna af Kjarabaráttunni. Lesum - berjumst og lærum af baráttunni.



Tekur ASÍ forustan völdin?

Á forsíðu 3. tbl. Vinnunnar birtist allfurðuleg grein. Einmitt þegar sýnt er að samið muni verða upp á kjaraskerðingu og búið er að gefa eftir flestar sérkröfur félaganna - geysist Vinnan fram með hástemmdar yfirlýsingar á forsíðu um að yfirráð þjóðfélagsins séu á leið til alþýðunnar. Manni er ekki ljóst hvort ritstjóri Vinnunnar er að gera gys að verkalýðnum, sem nú á í harðri lífshagsmunabaráttu eða ekki. Alla vega vottar hvergi fyrir skilningi á raunverulegum gangi málanna. Það sem hér býr að baki, eru tilraunir Alþýðubandalagsins til að notfæra sér erfiða baráttu verkalýðsins til að koma sér í ríkisstjórnarstólana. Það er hámark ósvífninnar, að á sama tíma og ASÍ-forystan er að semja um kjaraskerðingu niðri á Loftleiðum, skuli málgagn hennar reka áróður fyrir eigingjörnum flokkshagsmunum Alþýðubandalags, krata og frjálslyndra. Spurningin í yfirstandandi verkfalli, stendur alls ekki um völdin í þjóðfélaginu og því síður um það hvort kratar af ýmsum gerðum fái að verma á sér afturendana í ríkisstjórnarstólunum, hún stendur um það, hvort verkalýðnum tekst að knýja fram kjarabætur sem eru varanlegar. Kannske er Baldur að ýja þessu að okkur, til að geta sagt síðar: að vísu var samið um kjaraskerðingu, en við getum þó huggað okkur við að "fyrsta skrefið hefur verið stigið í átt að alþýðuvöldum". Félagar verkafólk, látum forystuna ekki gabba okkur með róttæku yfirbragði - hún er að svíkja hagsmuni okkar niðri á Loftleiðum.

Hver ber ábyrgð á verðbólgunni?

Áróðursmaskína borgaranna lætur yfirleitt í veðri vaka, að verðbólgan sé afleiðing kauphækkana. Í rauninni er þessu þveröfugt farið. Verðbólgan er fylgisfiskur auðvaldsskipulagsins og hækkun launa hefur engin afgerandi áhrif þar á. Það sést kannsk best á því, að laun hafa lítið hækkað á undanförnum árum, en á sama tíma hefur verðlag rifið sig upp úr öllu valdi. Tökum sem dæmi tímabilið frá því í október í fyrra. Á þeim tíma hafa laun hækkað um 3.9% en verðlag á t.d. bensíni, matvörum og fleiri vörum hækkað miklu meira. Kaupmáttur hefur á þessu tímabili rýrnað um tæp 12%. Þetta sýnir, að kauphækkanir valda alls ekki verðbólgunni, þvert á móti gera verðhækkanir kauphækkanir nauðsynlegar Reyndar hafa vissir hópar eins og til dæmis alþingismennirnir og svo bankastjórar fengið kauphækkanir.

Og þeir þurftu ekki að fara í verkfall til að ná þeim fram. Borgarapressan talaði heldur ekkert um verðbólguna eða burðarþol atvinnuveganna, þegar kaup þeirra var hækkað um 40%. Þess má geta, að bílastyrkur bankastjóra er nú hærri en mánaðrlaun verkamanns. Það er hins vegar svo, að nú bíða kaupmenn eftir því að fá að hækka vöruverð einu sinni enn og fá væntanlega réttlætingu borgarapressunnar á því. Þeir munu segja: launahækkunin er völd að þessum verðhækkunum. Ríkisstjórnin hefur sett á sýndar verðstöðvun, sem ekkert hefur að segja. Nær sanni væri að segja að í landinu ríkti kaupgjaldsstöðvun, svo lítið sem laun hafa hækkað á undanförnum árum. Það er þess vegna ekki verkafólk sem ber ábyrgð á verðbólgunni, heldur auðvaldið - braskararnir og atvinnurekendurnir. Látum ekki þennan söng fipa okkur í baráttunni, verkafólk á rétt á lífvænlegum launum fyrir störf sín. Við framleiðum öll verðmæti þjóðfélagsins en auðvaldið sóar þeim og veltir sér upp úr lúxus. Þess vegna skulum við láta þennan áróður eins og vind um eyru þjóta og halda baráttu okkar fyrir lífvænlegum launum óhikað áfram. /ver.

ÍSLAND ÚR NATO! HERINN BURT!

Ásiglingarnar á varðskipin að undanförnu vekja fólk til alvarlegrar umhugsunar um "öryggið" sem sagt er að felist í NATO-aðildinni. Ef ein helsta hernaðarþjóð bandalagsins getur óáreitt ráðist á Ísland í skjóli Atlantshafsbandalagsins, hefur Ísland þá nokkra hagsmuni af verunni í því? Nei, íslensk alþýða hefur ekki og hefur aldrei haft neina hernaðarhagsmuni. Þess vegna er veran í NATO ekki í þágu alþýðunnar, heldur í þágu íslenska einokunarauðvaldsins KSML hafa ævinlega bent á hættuna á verunni í NATO, en nú stendur hún ljóslifandi frammi fyrir fólki, ekki bara á prenti, heldur í þeim bitra sannleika að verið er að sigla varðskipin í kaf á miðunum. Eigum við að bíða eftir því að ríkisstjórnin framkvæmi eitthvað í málinu? Það væri borin von, því að ríkisstjórnin er yfirlýst undirlægja NATO og bandaríska auðvaldsins. Og eftir hverju er svo sem að bíða? Að bretar fái næði til að sökkva gæsluskipunum? Nei, íslenskur verkalýður verður að fylgja fordæmi félaga okkar í Grindavík, Höfn og á Suðurnesjum. Lokum herstöðvunum, krefjumst tafarlausrar úrsagnar úr NATO og brottreksturs herliðsins. Síðan má taka hernaðarbrölt tjallans upp á þingi Sameinuðu Þjóðanna. Þetta er eina lausnin sem íslenskur verkalýður getur viðurkennt. Hann er ekki reiðubúinn til að skríða fyrir NATO og bresku heimsvaldasinnunum - hann er reiðubúinn til að berjast gegn þessum fjandmönnum okkar.

Uppsagnir í Straumsvík

Þegar efnahagskreppan tekur að skjóta rótum í auðvaldsþjóðfélaginu eru ráð borgarastéttarinnar ævinlega þau, að skella allri skuldinni á hið vinnandi fólk til að bjarga sínu eigi skinni. Þetta er gert með því að hleypa verðlaginu upp úr öllu valdi, helst án þess að laun verkamanna hækki, og draga svo úr framleiðslunni, að atvinnuleysi bíður fjölda verkafólks. Þessara áhirfa er nú farið að gæta hér á landi í auknum mæli.

Uppsagnir og hótanir um uppsagnir.

Í útvarpsviðtali, sem haft var við Ragnar Halldórsson, forstjóra Íslenska Álfélagsins, lét hann svo um mælt að segja þyrfti upp nokkrum tugum verkamanna í Straumsvík vegna þess að draga ætti úr framleiðslunni. Síðan þá hafa verið uppi ýmsar sögur í verksmiðjunni um það, hverjir ættu að verða fyrir barðinu á efnahagskreppu Ísal-auðvaldsins.
Nú er hins vegar ljóst, að þremur starfsmönnum, er unnið hafa hjá fyrirtækinu í áraraðir, hefur verið sagt upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara. Þessir menn starfa allir við skúringar í baðherbergjum og salernum og er ætlunin að bæta því starfi á annað starfsfólk.
Það er mál flestra sem við verksmiðjuna starfa, að hér sé fyrst og fremst um hótanir af hálfu fyrirtækisins að ræða vegna samningaviðræðnanna, sem nú eiga sér stað milli samninganefndar verkalýðsfélaganna og Ísals, og því sé þetta gert til að við sláum verulega af kröfum okkur. Það er mála sannast, að harmakvein atvinnurekenda um taprekstur og minnkandi eftirspurn eru aldrei háværari en einmitt rétt fyrir samninga.
Þetta sjónarmið er rétt að hafa í huga og því ástæða til að verkamenn í álverksmiðjunni séu vakandi í þessu máli og reiðubúnir að berjast til þrautar fyrir réttmætum kröfum sínum. En jafnframt því sem verkafólk fylkir kröfum sínum fram til sigurs, verður það að berjast af heift gegn hvers kyns geðþóttauppsögnum af hálfu fyrirtækisins. Þess verður að krefjast, að atvinnuöryggi sé tryggt.

Verkalýðsforystan þegir.

Margir hafa spurt: Hvað ætlar verkalýðsfélagið að gera í málinu? Ekkert hefur heyrst frá stjórn Verkamannafélagsins Hlífar varðandi þessar uppsagnir. Hlýtur það þó að vera í verkahring hennar að taka mál þetta til alvarlegrar athugunar, því hún var nú einu sinni kosin til að gæta hagsmuna verkalýðsins...eða hvað? -/SJÓ